

**Greinargerð varðandi starfsemi samnorræns  
vinnuhóps á sviði vatnamælinga**

**Árni Snorrason**

**Greinargerð ÁSn-91-02**

### Greinargerð varðandi starfsemi samnorræns vinnuhóps á sviði vatnamælinga

Á undanförnum árum hafa víða átt sér stað miklar sviptingar á sviði vatnamælinga. Margar stofnanir hafa sinnt slíkri starfsemi um langa tíð, og oft þannig að tengsl starfseminnar við umhverfið hafa slævast eða rofnað.

En kall tímans er að þessi starfsemi sem önnur þurfi að vera í sífelldri endurskoðun og endurskipulagningu, þrátt fyrir að til grundvallar henni liggi langtíma viðhorf vegna eðli þeirra fyrirbæra vatnshringrásarinnar sem hún fæst við.

Á árunum 1985-1988 átti sér stað víðtæk endurskoðun á íslenskri vatnamælingastarfsemi. Þar til grundvallar var lagt hlutverk starfseminnar samkvæmt lögum og tengsl hennar við hagsmunaaðila. Í nánú samstarfi við þá var vatnamælingakerfið í heild sinni tekið til gagnrýnnar skoðunar. Markmið með rekstri kerfisins var skilgreint þannig, að sérhver vatnshæðarmælir var flokkaður eftir hlutverki sínu. Á grundvelli þessarar skoðunar voru mælar lagðir niður, sumir endurbættir og nýir byggðir.

Í framhaldi af verkefni þessu hér innanlands var endurskoðun þessi kynnt öðrum samþærilegum stofnunum á Norðurlöndum innan CHIN-nefndarinnar, sem annast samskipti norrænu vatnafræðistofnananna. Kom þar fram mikill áhugi á þessu verki, sérstaklega hjá Finnum og Norðmönnum, en vatnafræði- og vatnamælingastarfsemi var þar undir nokkurri gagnrýni og þrýst var á um endurskipulagningu.

Því ákvað CHIN-nefndin að æskilegt væri að stofna vinnunefnd er fjalla skyldi um þessi málefni. Tillögur um starfsemi hennar voru unnar af undirrituðum og M.

Puupponen frá Finnlandi (sjá fylgiskjal 1) og voru þær samþykktar snemma árs 1990 og nefndinni komið á stofn.

Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn í Svíþjóð í júlí 1990 með þátttöku allra Norðurlanda, en danir kusu óvirka þátttöku. Annar fundur nefndarinnar var haldinn í Osló í janúar 1991. Þar voru lögð drög að almennri flokkun vatnshæðarmælikerfanna eftir markmiðum og notum, byggð að miklu leyti á niðurstöðum OS og LV frá 1986 (sjá fylgiskjal II). Jafnframt var ákveðið, að halda tveggja daga seminar í Helsinki í maí 1991, en þar skyldi leggja faglegan grunn að starfsemi hópsins. Viðfangsefni námsstefnunnar eru:

- stjórnskipuleg staða vatnamælingastarfsemi og stofnana er sinna henni
- markmið og tilgangur vatnamælingastarfsemi
- aðferðafræði við hönnun og rekstur vatnamælingakerfa
- notkun og hagkvæmni vatnafræðilegra gagna

Ákveðið hefur verið að dr. Van der Made, sem er helsti sérfræðingur WMO á sviði vatnamælingakerfa verði leiðandi á námsstefnunni. Jafnframt verða kallaðir til frá Norðurlöndum stjórnendur, sérfræðingar á sviði vatnafræði og vatnamælinga og síðast en ekki síst fulltrúar þeirra er helst nota vatnafræðileg gögn við nýtingu vatnsauðlindarinnar. Bryn ástæða er til þátttöku Íslendinga, því fyrirsjáanleg nýting vatnsorku landsins mun áfram kalla á markvissa starfsemi á sviði vatnamælinga og vatnafræði.